



Reykjavík, 30. janúar 2026
PON25120010

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja vinnu við að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum

Á fundi stafræns ráðs þann 28. janúar 2026 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 16. janúar 2026 um að hefja vinnu við að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum. sbr. 4. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það sé skilgreint í fyrsta forgangi. Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 16. janúar 2026
PON25120010

Efni: Heimild til að hefja vinnu við að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar við umsóknarsmiðinn á Mínun síðum

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að ráðstafa fjármagni til að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) við umsóknarsmiðinn á Mínun síðum. Verkefnið miðar að því að bæta upplifun borgarbúa og gera umsóknarferli skilvirkari.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2026 til og með júní 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 18 m.kr., sem tilheyra eignarsjóði á framkvæmdartíma.

Gert er ráð fyrir að af heildarkostnaði verði 12 m.kr. varið til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, sem fellur undir verktakasamninga á vegum skrifstofu gagna og hugbúnaðarþróunar Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu. Eftirstöðvar kostnaðar eru vegna vinnu verkefnastjóra.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Reykjavík, 16. janúar 2026
PON25120010

Greinargerð:

Verkefnið miðar að því að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum til að bæta upplifun borgarbúa og auka skilvirkni umsóknarferla. Í dag eru upplýsingar úr umsóknum oft handskráðar í LUKR sem er tímafrekt, eykur villuhættu og torveldar starfsfólki að greina þarfir umsækjenda. Þetta leiðir gjarnan til endurtekinna og tímafrekra samskipta til að kalla eftir nánari upplýsingum, sérstaklega um staðsetningar.

Með tengingu kerfanna verður mögulegt að sækja og senda gögn sjálfvirkt milli LUKR og umsókna á Mínum síðum. Gagnvirk kort gera umsækjendum kleift að velja nákvæma staðsetningu, hvort sem er með því að velja laust stæði, teikna inn svæði eða staðsetja punkt. Þetta dregur úr handvirkri skráningu, fækkar samskiptum og tryggir betri gagnagæði. Tengingin skapar jafnframt forsendur fyrir því að færa umsóknir úr öðrum gáttum, þar sem LUKR-tenging er þegar til staðar, yfir á Mínar síður og sameina þannig þjónustu borgarinnar á einum stað.

Fyrsti fasi verkefnisins er tvíþættur. Annars vegar verður þróuð bein tenging milli umsóknarsmiðs Minna síðna og LUKR, þar sem smíðaðar verða þrjár tegundir gagnvirkra landupplýsingakorta fyrir eftirfarandi fimm umsóknir á Mínum síðum. Þessi virkni kemur í stað tölvupóstsendinga þar sem umsækjendur þurfa að útskýra staðsetningar og setja inn viðhengi með teikningum og skjáskotum og eiga jafnvel í áframhaldandi samskiptum við starfsfólk sem þarf nánari skýringar.

1. Umsókn um matjurtagarð, þar sem íbúar munu geta valið garð beint á korti og séð rauntímaupplýsingar um lausa og frátekna garða.
2. Umsóknir um stöðuleyfi þar sem notendur munu geta teiknað inn, á gagnvirkum korti, það svæði sem sótt er um leyfi fyrir.
3. Umsóknir um útveitingar á borgarlandi þar sem hægt verður á gagnvirkum korti að setja inn nákvæma staðsetningu umsóknarstaðs.
4. Umsóknir um trjáfellingar þar sem hægt verður á gagnvirkum korti að setja inn nákvæma staðsetningu þess trés sem á að fella.
5. Umsóknir um P-stæði þar sem hægt verður á gagnvirkum korti að setja inn nákvæma staðsetningu bílastæðis.

Hins vegar verður unnin ítarleg greining á umsóknarferlum sem eru í öðrum kerfum með það að markmiði að færa þá yfir á Mínar síður án þjónusturofs. Fyrsta ferlið sem greint verður er umsóknarferli um götu- og torgsölu, þar sem mikil eftirspurn hefur verið eftir einföldun bæði hjá íbúum og starfsfólki.

Fjárhagslegi ábatinn liggur í tímasparnaði starfsfólks þar sem áætlaður sparnaður er 0,42 stöðugildi á ári. Auk þess býður tengingin upp á möguleika á að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði. Umsóknarferli verða skilvirkari, með færri villum og færri handtökum hjá starfsfólki í úrvinnslu umsókna. Aukin sjálfsafgreiðsla með rauntímakortum styður við bætt gagnagæði, minnkandi álag á starfsfólk og aukinni ánægju borgarbúa. Bætt gagnagæði bjóða upp á fleiri gagnasöfn í LUKR sem styður við betri tölfræði og upplýsingar um Reykjavík. Verkefnið er skýr þáttur í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar með markmið um einföldun ferla, aukin gagnagæði og betri þjónustu við íbúa.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.



Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 18 m.kr.
Kostnaðarstaður: 2102 (Áhöld, tæki og hugbúnaður). Verkefnaklassi: 80014 (Vöruþróun og stafvæðing ferla).

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (28.1.2026)

Verkefnaráðsfundur: 4.12.2025

Tenging LUKR við Mínar síður

Samantekt:

Verkefnið snýst um að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum til að bæta upplifun borgarbúa og gera ferla skilvirkari innanhúss. Verðlaunaða landupplýsingakerfið okkar býr yfir miklu magni upplýsinga um Reykjavík. Þessar upplýsingar eru oft handskráðar inn í kerfið út frá umsóknum sem berast í gegnum Mínar síður eða aðrar umsóknargáttir. Þessi vinna getur verið mjög tímafrek. Þá er oft erfitt fyrir starfsfólk að átta sig á þörfum umsækjenda sem kallar á langdregin samskipti í tölvupósti til að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum og fylgigögnum. Gagnvirkt landupplýsingakort mun bæði auðvelda fólki að sækja um og starfsfólki að yfirfara og skrá. Tengingin býður einnig upp á að færa umsóknir úr öðrum kerfum yfir á Mínar síður. Í kjölfarið væri hægt að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 18 m.kr.

Áætlun á tímalengd verkefnis: 5 mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 3,00

Ábati 33%: 3

Felst í tímasparnaði starfsfólks, minnkar villuhættu, bætir starfsánægju og ímynd ásamt fleiri þáttum.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 3

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi með því að fara úr handskráningu yfir í umsóknargátt, gagnahögun verður mun betri.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Mun auðvelda íbúum að sækja um og starfsfólki að vinna með umsóknir. Hefur jákvæð áhrif á hóp starfsfólks og íbúa Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Dæmi: Lagaleg krafa er ekki til staðar.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Tenging LUKR við Mínar síður

Eigandi: Brynjar Þór Jónasson, skrifstofustjóri
skipulags- og byggingarmála

Parfagreining

Verkefnið snýst um að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum.

Markmiðið er að bæta upplifun borgarbúa og gera umsóknarferli skilvirkari.

Í dag eru gögn handskráð í LUKR úr umsóknum sem berast í gegnum Mínar síður eða önnur kerfi, sem er tímafrek vinna og býður upp á aukna villuhættu.

Ekki eru allar umsóknir aðgengilegar á Mínum síðum í dag vegna skorts á tengingu við LUKR.

Starfsfólk á of erfitt með að átta sig á þörfum umsækjenda.

Þetta leiðir til tímafrekra samskipta í tölvupósti og beiðna um viðbótragögn.

Áskorun

Umsóknarferli sem snúa að landupplýsingum Reykjavíkur eru í dag tímafrek, óljós og óskilvirk. Þörf er á að samþætta landupplýsingakerfið við umsóknarsmið Minna síðna.

Markmið

- Sjálfvirkur gagnaflutningur milli LUKR og umsókna á Mínum síðum.
- Einfölduð og notendavæn umsóknarferli með rauntímakortum.
- Betri gagnagæði, færri villur og áreiðanlegri upplýsingar.
- Betri upplýsingagjöf með rauntímakortum sem dregur úr fyrirspurnum til þjónustuværs og starfsfólks.
- Ein umsóknargátt - einn staður fyrir allar umsóknir.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Sparnaður 0,42 stöðugildi á ári
- Bætt starfsánægja, ímynd, gagnagæði, upplifun og upplýsingagjöf til íbúa
- Sjálfvirkur gagnaflutningur
- Tímasparnaður við handskráningu og samskipti.

Tímalína

Febrúar 2026 til og með júní 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 18 m. kr.
Eignasjóður 18 m. Kr.

Innkaup

- Aðkeypt sérfræðipjónusta 12 m.kr. Eftirstöðvar vegna vinnu verkefnastjóra.

Vörustjóri: Dagrún Ósk Jónasdóttir

Stafrænn leiðtogi: Kristín Björg I Sverrisdóttir



Tenging LUKR við Mínar síður

Fasi 1

Kristín Björg I Sverrisdóttir, stafrænn leiðtogi

Dagrún Ósk Jónasdóttir, vörustjóri

Brynjar Þór Jónasson, eigandi





Í hnotskurn

Verkefnið snýst um að tengja landupplýsingakerfi

**Reykjavíkurborgar (LUKR) við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum til
að bæta upplifun borgarbúa og gera ferla skilvirkari innanhúss.**



Verðlaunaða landupplýsingakerfið okkar býr yfir miklu magni gagna um Reykjavík.

Í dag eru þessi gögn oft handskráð inn í LUKR út frá umsóknum sem berast í gegnum Mínar síður eða aðrar umsóknargáttir. Þessi vinna getur verið mjög tímafrek.

Oft er erfitt fyrir starfsfólk að átta sig á þörfum umsækjenda sem kallar á langdregin samskipti í tölvupósti til að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum og fylgigögnum.

Ekki eru allar umsóknir á Mínum síðum í dag, þar sem ekki er til staðar tenging við LUKR.

Tenging milli LUKR og umsóknarsmiðs Minna síðna býður upp á gagnvirkt landupplýsingakort sem mun bæði auðvelda íbúum að sækja um og starfsfólki að vinna með umsóknir.

Tengingin býður einnig upp á að færa umsóknir úr öðrum kerfum yfir á Mínar síður, og þar af leiðandi væri hægt að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði.



Ákvörðun verkefnaráðs

Fjármögnun

18 m.kr fyrir þróunarteymi Minna síðna og Samsýn fyrir tengingu milli formasmiðs MS og LUKR.

Þjónustuhönnuður

Til að vinna greiningu á umsóknum sem þarfnast tengingar við LUKR.

Gagnasérfræðingur

Til að vinna með þróunarteymi í útfærslu á hvernig gögn eru send frá MS til LUKR.





Matjurtagarðar

- Allt afgreitt í tölvupóstum í dag.
- Bráðvantar stafrænt ferli til að auðvelda val á garði.
- 7.924 tölvupóstar á ári vegna 621 matjurtagarðs í Reykjavík.





Möguleikar með MS-LUKR tengingu

Umsóknir sem myndu njóta góðs af tengingu milli MS og LUKR

Núverandi umsóknir á MS

- Stöðuleyfi
- Útveitingar á borgarlandi
- Trjáfellingar
- P-stæði (VEL)
- Götu- og torgsala
- Íbúakort

Umsóknir í öðrum kerfum í dag

- Afnotaleyfi
- Endurnýjun á lóðarleigusamning

Nýjar umsóknir

- Matjurtagarðar
- Minningarbökkir
- Fargufur
- Göngugötukort
- Lóðamælingar





Fasi 1

Tenging milli MS og LUKR

- Gögn sótt frá LUKR í MS
- Gögn send frá MS í LUKR

Útfærsla á mismundandi kortavirkni í umsóknarsmið MS

- Umsókn um matjurtagarða
- Umsókn um stöðuleyfi
- Umsókn um útiveitingar á borgarlandi
- Umsókn um trjáfellingar
- Umsókn um P-stæði

Þjónustuhönnun fyrir umsóknir í næsta fasa

- Umsóknir um afnotaleyfi
- Endurnýjun á lóðarleigusamningum
- Umsóknir um götu- og torgsölu





Næstu fasar

Byggt á greiningarvinnu úr Fasa 1, sem koma þá mögulega seinna inn fyrir verkefnaráð.

Umsóknir í öðrum kerfum færðar yfir á MS

- Umsóknir um afnotaleyfi (RoSy)
- Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamning (Taktikal lausn)

Umsóknir um götu- og torgsölu

- Einföldun og bætt upplifun á núverandi ferli

Nýjar umsóknir

- Umsókn um minningarbekki
- Umsókn um göngugötukort
- Umsókn um fargufur
- Umsókn um lóðamælingar





Áskorun

Umsóknarferli sem snúa að landupplýsingum Reykjavíkur eru í dag tímafrek, óljós og óskilvirk. Þörf er á að samþætta landupplýsingakerfið við umsóknarsmið Minna síðna.

Núverandi staða

- Íbúar þurfa að hlaða upp fylgigögnum í umsóknir, sem sýna nákvæma staðsetningu.
- Íbúar þurfa að velja aðgerðir úr fellilista án sýnilegs korts.
- Upplýsingar eru handskráðar inn í LUKR sem veldur aukinni villuhættu.
- Ófullnægjandi umsóknir til að veita leyfi eða umsögn.
- Tímafrek tölvupósts-samskipti milli íbúa og starfsfólks.

Markmið

- Sjálfvirkur gagnaflutningur.
- Tímasparnaður við handskráningu og samskipti.
- Betri gagnagæði, færri villur og áreiðanlegri upplýsingar.
- Bætt upplifun íbúa – sjónrænt og skýrt ferli.
- Betri upplýsingagjöf með rauntímakortum og minni þörf á samskiptum við þjónustuver og starfsfólk.
- Ein umsóknargátt - einn staður fyrir allar umsóknir.

Lausn

- Útfæra tengingu milli umsóknarsmiðs MS og LUKR þar sem hægt er að sækja og senda gögn úr umsóknum.
- Uppfæra ákveðnar umsóknir í umsóknarsmið og bæta við korti, þar sem íbúi getur valið nákvæmar staðsetningar (t.d. matjurtagarð) sem sendast inn í LUKR.
- Bæta við nýjum umsóknum sem þurfa kortavirkni og tengingu við LUKR.



Umfangsmat

- Heildarkostnaður fyrir Fasa 1 er 18 m.kr og áætlaður tími í framkvæmd er 5 mánuðir.



Kostnaður mannauðs

Heild: 6 m.kr.

Á fjárfestingu:

- Teymisstjóri 750 þús
- Vöruhönnuður 750 þús
- Framendaforritari 3,75 m.kr.
- Tæknistjóri 375 þús
- Arkitekt 375 þús

Á rekstri:

- Þjónustuhönnun/ferlagreining
- Vörustjóri
- Gagnasérfræðingur

Teymið samanstendur af ólíkum stöðugildum í mismunandi starfshlutföllum, sjá næstu glæru

Aðkeypt þjónusta

Heild: 12 m.kr.

Verktakar í þróunarteymi MS:

- Bakendaforritari 9,25 m.kr.
- QA/Prófari 1,85 m.kr.

Verktaki í LUKR teymi:

- Bakendaforritari 921 þús

Rekstrarkostnaður

Svið sem óskar eftir verkefni:
USK

Rekstrarkostnaður verkefnis mun falla undir rekstrarkostnað Minna síðna, og verður því ekki aukinn rekstrarkostnaður hjá sviðinu fyrir þetta verkefni

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja aukið fjármagn í ramma ef af verkefninu verður **NEI**



Tímalína og kostnaður

Heildarkostnaður fyrir Fasa 1: **18 m.kr.**

Áætluð tímalína: **febrúar–júní 2026**, samhliða öðrum verkefnum á Mínun síðum.

Tenging við LUKR					T1 - T2 2026						
	klst	Dagar	Samtals		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí
Mínar síður teymi											
Hönnuður	80	10	750,000	starfsmaður							
FE forritari	400	50	3,750,000	starfsmaður							
BE forritari	400	50	9,250,000	ísl. verktaki							
QA	80	10	1,850,000	erl. verktaki							
Teymisstjóri	80	10	750,000	starfsmaður							
Tæknistjóri	40	5	375,000	starfsmaður							
Arkitekt	40	5	375,000	starfsmaður							
Samsýn											
BE forritari	35	4.375	921,375	ísl. verktaki							
		Samtals	18,021,375								



Ábatamat

Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ára tímabil

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður 99,4 vinnudagar
- Samrekstur Já

Samtals:


- Sparnaður í 7.455.972 kr. eða 5 mánaða laun

Ómælanlegur ábati

- Bætt kortavirkni býður upp á fleiri tækifæri fyrir nýjar umsóknir á Mínum síðum
- Betri upplýsingar frá umsækjendum í umsókn sem fækkar samskiptum og misskilningi
- Ekkert þjónusturof þar sem upplýsingar skila sér alla leið í vinnslukerfi
- Tengingin býður upp á að færa umsóknir úr öðrum kerfum yfir á MS, í kjölfarið er hægt að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði
- Minnkar villuáhættu
- Bætt starfsánægja, ímynd, gagnagæði, upplifun og upplýsingagjöf til íbúa

Samantekt á heildarávinningi


- Sjálfvirkur gagnaflutningur milli LUKR og umsókna á Mínum síðum
- Einfölduð og notendavæn umsóknarferli með rauntímakortum
- Meiri ánægja starfsfólks –fækka handtökum og bætt samskipti við íbúa
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð
- Býður upp á möguleika á fleiri gagnasöfn og bætta tölfræði um Reykjavík





Hvað er búið að gera

- Forgreining
- Ábatamat
- Greina hvaða umsóknir njóta góðs af verkefninu (á USK að mestu leyti)
- Kostnaðaráætlun frá Mínunum síðum
- Kostnaðaráætlun frá Samsýn
- Greining umsókna með hagsmunaaðilum með tilliti til kortavirkni
- Forgangsröðun umsókna





Næstu skref



Í fyrsta fasa:

- Hefja forritunarvinnu á tengingu milli umsóknarsmiðs MS og LUKR
- Búa til fitjuklasa/síur í LUKR fyrir hvert gagnasafn
- Bæta við mismunandi kortum í ákveðnar umsóknir á MS
- Greina umsóknir og ferla fyrir næsta fasa með þjónustuhönnuði

Eftir lok fyrsta fasa:

- Forgangsröðun umsókna eftir greiningarvinnu
- Einföldun götu- og torgsölu umsókna
- Uppsetning nýrra umsókna á MS
- Greining á tækifærum hjá öðrum sviðum



Ákvörðun verkefnaráðs

Fjármögnun

18 m.kr fyrir þróunarteymi Minna síðna og Samsýn fyrir tengingu milli MS og LUKR.

Þjónustuhönnuður

Til að vinna greiningu á umsóknum sem þarfnast tengingar við LUKR.

Gagnasérfræðingur

Til að vinna með þróunarteymi í útfærslu á hvernig gögn eru send frá MS til LUKR.





Umfangsmat

- Heildarkostnaður fyrir Fasa 1 er 18 m.kr og áætlaður tími í framkvæmd er 5 mánuðir.



Kostnaður mannauðs

Heild: 6 m.kr.

Á fjárfestingu:

- Teymisstjóri 750 þús
- Vöruhönnuður 750 þús
- Framendaforritari 3,75 m.kr.
- Tæknistjóri 375 þús
- Arkitekt 375 þús

Á rekstri:

- Þjónustuhönnun/ferlagreining
- Vörustjóri
- Gagnasérfræðingur

Teymið samanstendur af ólíkum stöðugildum í mismunandi starfshlutföllum, sjá næstu glæru

Aðkeypt þjónusta

Heild: 12 m.kr.

Verktakar í þróunarteymi MS:

- Bakendaforritari 9,25 m.kr.
- QA/Prófari 1,85 m.kr.

Verktaki í LUKR teymi:

- Bakendaforritari 921 þús

Rekstrarkostnaður

Svið sem óskar eftir verkefni:
USK

Rekstrarkostnaður verkefnis mun falla undir rekstrarkostnað Minna síðna, og verður því ekki aukinn rekstrarkostnaður hjá sviðinu fyrir þetta verkefni

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja aukið fjármagn í ramma ef af verkefninu verður **NEI**



Tímalína og kostnaður

Heildarkostnaður fyrir Fasa 1: **18 m.kr.**

Áætluð tímalína: **febrúar–júní 2026**, samhliða öðrum verkefnum á Mínunum síðum.

Tenging við LUKR					T1 - T2 2026						
	klst	Dagar	Samtals		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí
Mínar síður teymi											
Hönnuður	80	10	750,000	starfsmaður							
FE forritari	400	50	3,750,000	starfsmaður							
BE forritari	400	50	9,250,000	ísl. verktaki							
QA	80	10	1,850,000	erl. verktaki							
Teymisstjóri	80	10	750,000	starfsmaður							
Tæknistjóri	40	5	375,000	starfsmaður							
Arkitekt	40	5	375,000	starfsmaður							
Samsýn											
BE forritari	35	4.375	921,375	ísl. verktaki							
		Samtals	18,021,375								



Reykjavík